

Alþingi
Erindi nr. P 131/742
komudagur 25.1.2005

Reykjavík, 24. janúar 2004.

Umsögn frá Femínistafélagi Íslands um þingskjal 67, frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 14/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingum á kynfærum kvenna).

Femínistafélag Íslands fagnar frumvarpinu í heild sinni. Mikilvægt er að lögbinda bann við limlestingum á kynfærum kvenna sérstaklega, milljónir kvenna hafa þjáðst og dáið sökum slíkra misþyrminga og aðrar milljónir þjást af kvíða vegna yfirvofandi limlestinga.

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu eru limlestingarnar byggðar á gömlum og úr sér gengnum hugmyndum um konur og kvenlíkamann, auk þess sem þær konur sem þessi ógn steðjar að búa við mjög bágbornar efnahagslegar og félagslegar aðstæður. Þó margt megi segja um íslenskt samfélag og stöðu kvenna innan þess, þá er hún mun betri en þar sem limlestingarnar eiga sér stað.

Íslensku samfélagi, sem virðir sjálfræði kvenna yfir eigin líkama, kynhvöt og barneignum, ber skylda til að fordæma og banna limlestingar á kynfærum kvenna. Þó enn sé ekki vitað til að limlestingar eigi sér stað á kynfærum kvenna hérlendis er ekki loku fyrir það skotið að þær muni eiga sér stað í fjölmenningslegu samfélagi framtíðarinnar. Við hvetjum Alþingi til að samþykkja frumvarpið einróma.

Femínistafélag Íslands gerir engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands,

Sóley Tómasdóttir

Ráðskona heilbrigðishóps